

Arnarlax ehf.  
Strandgötu 1  
465 Bíldudalur

Reykjavík, 24.9.2024  
UST202401-259/A.E.H.  
08.12.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 12. júní 2024 - Arnarlax ehf, Patreksfjörður og Tálknafjörður, ID 152.**

Þann 12. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit hjá Arnarlaxi ehf í Patreksfirði og Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin opin frávik voru við eftirlit.

### **Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:**

1. Töluvert af fugli var við eina kvína.

### **Þrjú frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 3.12 í starfsleyfi. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Lekabyttu vantaði undir olútunnu
2. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var ekki skilað inn fyrr en 26.júní sl. og telst frávikinu því lokað.
3. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Undirrituðu grænu bókhaldi var skilað 6. maí sl. og telst frávikinu því lokað.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. október 2024.**

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir  
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
sérfræðingur